

apríl 1973. Upphæð vatnsskatts skal vera 0.40% af fasteignamati húss og lóðar, eins og það er á hverjum tíma notað sem álagningastofn fasteignaskatts, upphæð vatnsskatts skal þó aldrei verða lægri en kr. 50,00 fyrir hverja skattskylda fasteign. Þó skal aldrei reikna vatnsskatt af húsi það ár sem bygging fer fram. Sé bygging eigi virt fasteignamatsvirðingu skal greiða vatnsskatt samkvæmt lágmarksákvæðum þessarar greinar.

Vatnsskatt skal greiða af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu, sem vatni er veitt til eða vatnsæð er frá. Fyrir tímabundin eða sérstök vatnsnot skal greiða sem hér segir, auk vatnsskatts:

- a. Vatnsnot í steypu til mannvirkjagerðar og iðnaðar er kr. 5,00 fyrir hvern rúmmetra af steypu.
- b. Fyrir þvottaplön, sem rekin eru til þvotta á bifreiðum t. d. í sambandi við eldsneytis-sölu, skal greiða kr. 6 500,00 á ári fyrir vatnsnotkun.
- c. Fyrir vatnsnotkun við síldarsöltun skal greiða kr. 4,25 á hverja uppsaltaða tunnu síldar, sama, gjald er fyrir hverja tunnu af söltuðum hrognum. Fyrir sjósaltaða síld sem lögð er á land til þökkunar og þæklunar skal greiða kr. 2,25 fyrir hverja útskipaða tunnu.
- d. Fyrir vatnsnotkun við síldarbræðslu og aðra mjöl- og lýsisframleiðslu skal greiða kr. 6,50 fyrir hverja innvegna smálest af hráefni.
- e. Vatnsnot við fiskverkun skal greiða með kr. 8,00 á hverja smálest af innvegnum fiski.
- f. Fyrir vatn til skipa og báta skal greiða sem hér segir: Til fiskiskipa kr. 30,00 pr. smálest af vatni eða hluta úr smálest, til annarra skipa kr. 40,00 fyrir hverja smálest eða hluta úr smálest. Lágmarksgjald til fiskiskipa skal vera kr. 300,00 en til annarra skipa kr. 400,00.
- g. Greiðsla fyrir vatnsnot ótalin hér skulu fara eftir ákvörðun vatnsveitunnar.
- h. Ofangreind gjaldskrá, töluliðir a til g gilda frá 1. maí 1985, og tekur breytingum samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Raufarhafnarhrepps staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 10. júní 1985.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólfríður Snæbjörnsdóttir.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Kirkjumiðstöð Austurlands, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómismálaráðherra, 10. júní 1985.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Kirkjumiðstöð Austurlands.

1. gr.

Stofnunin heitir Kirkjumiðstöð Austurlands og er sjálfseignarstofnun og rekur Kirkjumiðstöð fyrir Austurland á eigin ábyrgð fyrir ýmsa starfsemi á vegum Þjóðkirkjunnar á Austurlandi, svo sem sumarbúðir ungmenna, mót, námskeið og orlofsdvalir. Stofnunin yfirtekur og eignast byggingu sem er í smíðum við Eiðavatn undir umsjón Prestafélags Austurlands, sbr. sérsamning um eignayfirtöku (afsal). Er þessi bygging afhent skuldlaus og án allra kvaða.

2. gr.

Starfsemi Kirkjumiðstöðvarinnar miðar að eflingu kirkjulegs starfs á Austurlandi og aukinni samvinnu safnaðanna, þannig að söfnuðir Þjóðkirkjunnar á Austurlandi fái betur rækt hlutverk sitt við boðun fagnaðarerindisins og þjónustu við samfélagið. Markmiði þessu hyggst stofnunin ná með því að starfrækja kirkjumiðstöð.

3. gr.

Tekjur Kirkjumiðstöðvarinnar eru framlög einstaklinga, félaga og stofnana og hugsanlegar tekjur af eigin rekstri og útgáfustarfsemi.

4. gr.

Í stjórn stofnunarinnar eru kjörnir 5 menn. Héraðsfundur Múlaprófastsdæmis og héraðsfundur Austfjarðaprófastsdæmis kjósa hvor um sig 2 menn og 1 maður er kosinn af Prestafélagi Austurlands. Sömu aðilar kjósa jafn marga varamenn. Eru stjórnarmenn kosnir til 2 ára í senn.

5. gr.

Fulltrúi Prestafélags Austurlands kallar nýskipaða stjórn saman, en síðan skiptir hún sjálf með sér verkum. Stjórnin annast rekstur Kirkjumiðstöðvarinnar. Hún skilar árlega skýrslu til beggja héraðsfundanna og aðalfundar P. A.

6. gr.

Stjórnin skal halda gjörðabók þar sem ákvarðanir hennar eru færðar, svo og framlög aðila. Stjórnin skal á hverjum tíma ávaxta fé stofnunarinnar með bestu fánlegum kjörum.

7. gr.

Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið og skulu reikningarnir endurskoðaðir af tveim endurskoðendum, öðrum löggiltum, sem tilnefndir eru af biskupi og kirkjumálaráðherra.

8. gr.

Komi til þess að stofnunin verði lögð niður, renna eignir hennar til prófastsdæmanna á Austurlandi (M. og A.). Ef ágreiningur rís varðandi ráðstöfun eigna eða túlkun skipulagsskrár skal kirkjuráð skipa úrskurðaraðila.

9. gr.

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt nema með samþykki héraðsfunda beggja prófastsdæmanna og aðalfundar P. A.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.